



LANDSSAMBAND VEIÐIFÉLAGA

Blændahóllinni v/Magatorg • 107 Reykjavík • Sími 553 1510 / 563 0300 • Símbréf 368 4363

www.angling.is • angling@angling.is

Reykjavík 12. maí, 2012.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Skúlagötu 21,
101, Reykjavík.

Efni: kæra vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar.

Með bréfi þessu kærir Landssamband veiðifélaga ákvörðun Skipulagsstofnunar frá dags. 4. apríl s.l. um að fyrirhugað 7000 tonna laxeldi Hraðfrystihússins Gunnvarar h.f. í Ísafjarðardjúpi skuli undanþegið umhverfismati. Um málsaðild vísar landssambandið til 5. mgr. 4. gr. laga um lax og silungsveiði nr. 61/2006.

Landssambandið telur að umfjöllun stofnunarinnar á mögulegum áhrifum laxeldis á þau miklu verðmæti sem felast í þeim veiðilám sem falla til sjávar við Ísafjarðardjúpi sé með öllu ófullnægjandi. Hvergi er að því vikið í rökstuðningi Skipulagsstofnunar að í laxeldi á Íslandi er einvörðungu notaður laxastofni af norskum uppruna sem fluttur var til landsins á 9 áratugnum. Erfðarannsóknir á genamengi laxa sem gerðar hafa verið hin síðustu ár staðfesta að norskur lax er mjög fjarskyldur íslenskum laxastofnum og blöndun slíkra stofna getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar á þróun og viðgang hinna séríslensku náttúrulegu laxastofna. Landssambandið telur það sérstaklega áhættuvert vinnubrögð Skipulagsstofnunar að leita ekki álits Veiðimálastofnunar um möguleg áhrif af eldi laxa af norskum uppruna á þessu viðkvæma svæði áður en ákvörðun um matsskyldu var tekin. Þess í stað er stuðst við gamlar upplýsingar vegna starfsemi af sama toga frá öðrum svæðum landsins sem eru í mörgu frábrugðin því sem þarna er. Landssambandið leggur þunga áherslu á, að þótt ekki sé bannað sbr. auglýsingu 460/2004 að stunda eldi frjórna laxfiska fyrir Vestfjörðun, ber að sýna fyllstu varúð þegar fjallað er um eldi laxa af norskum stofni í Ísafjarðardjúpi vegna þeirra hagsmuna sem felast í þeim laxveiðilám sem eru á svæðinu og vísar til upplýsinga um veiði í ánum þar, sem fram koma í meðfylgjandi tölum sem aflagð var hjá Veiðimálastofnun.


Landssambandið vekur sérstaklega athygli á að þær meðaltalstölur um veiði sem fram koma í umfjöllun Skipulagsstofnunar í kaflanum um áhrif á fiskistofna og laxveiðihlunnindi, og ná aftur til ársins 1974 gefa villandi mynd af þeim miklu verðmætum sem um ræðir. Laxveiði á svæðinu hefur aukist mikið hin síðari ár sbr. tölur frá Veiðimálastofnun. Eðlilegra væri að leggja ársveiði í ánum undangengin 10 ár til grundvallar og fá þannig raunhæfari mynd af raunverulegum verðmætum laxveiðihlunninda á svæðinu. Í það minnsta hefði verið réttara að sundurgreina þessar tölur eftir tímabilum, en þannig gefa þær betri mynd af náttúrulegum og fjárhagslegum hagsmunum sem fólgna eru í laxveiðinni, en það meðaltal sem Skipulagsstofnun notar. Landssambandið gagnrýnir þessi óvönduðu vinnubrögð Skipulagsstofnunar. Þá er þeim fráleitu hugmyndum, sem fram koma í áður nefndum kafla Skipulagsstofnunar, um að unnt sé að flokka burt eldislax úr ánum þegar eldisfiskur leitar í þær til hrygningar, alfaríð vísað á bug. Á hinn bóginn eru þessar hugrenningar skýr

Ábending um þá miklu hættu sem vitað er að náttúrulegum fiski í veiðianum er búin, verði fyrirhugað laxeldi á svæðinu heimilað.

Landssamband veiðifélaga telur brýnt, af þeim ástæðum sem að framan greinir, að Veiðimálastofnun veiti umsógn um möguleg áhrif þess á náttúrulega laxastofna á svæðinu ef heimilað verður eidi á allt að 7000 tonnum af frjóum laxi af norskum uppruna í Ísafjarðardjúpi. Fer landssambandið fram á, að úrskurðarnefndin gæti að rannsóknarskyldu sinni, og afli slíks álits áður en úrskurðað verður um hina kærðu ákvörðun Skipulagsstofnunar að undanþegga laxeldið mati á umhverfisáhrifum. Telji nefndin á hinn bóginn sér ekki skyit að verða við þessari kröfu okkar, óskast landssambandinu tilkynnt það sérstaklega, þannig að landssambandið geti þá aflað umræddrar greinargerðar frá stofnuninni og lagt hana fram undir rekstri málsins fyrir nefndinni.

Landssamband veiðifélaga gerir þá kröfu að Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála felli úr gildi ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 4. apríl s.l. að fyrirhugað laxeldi í Ísafjarðardjúpi verði undanþegið umhverfismati sbr. l. nr. 106/2000 og framkvæmdin sæti umhverfismati á grundvelli hinna sörmu laga.

f.h. Landssambands veiðifélaga



Óðinn Sigþórsson formaður